

Stjórnarfundur Prentsöguseturs 04.02 2020

Fundarstaður: Prentsögusetur, Laugavegi 29, 101 Reykjavík

Mætt: Heimir, Hjörtur, Haukur Már, Sófus, Katrín og

Svanur sem sat fund í gegnum fjarfundarbúnað.

Boðuð forföll: Þorsteinn

Heimir formaður setti fundinn og skipði síðan Hauk sem fundarstjóra.

Dagskrá fundar:

1. Endanleg ákvörðun um opnun safnsins á Laugavegi 29b.
2. Umræður og upplýsingar um áframhaldandi samstarf við Skálholt.
3. Önnur mál.

1. Endanleg ákvörðun um opnun safnsins á Laugavegi 29b.

Heimir fékk orðið, hann lagði áherslu á að prentminjasöfn séu söfn sem sett eru upp eins og gamlar prentsmiðjur með tilheyrandi tækjum og tólum. Hann sagði tilgang Prentsöguseturs vera að safna gömlum munum og tækjum til sýningar í þartilgerðum hillum og rýmum sem hæfa þessum hlutum. Safna bókum, gömlum blöðum sem tengd eru prentverkinu og hafa merkingu þar af lútandi. Safna myndum og umsögnum um framamenn prentlistarinnar frá upphafi til dagsins í dag. Hann telur að yfirbragð rýmisins skuli vera sem líkast gamalli prentsmiðju, því flest prentsöfn séu þannig.

21. febrúar verða 5 ár frá því að Prentsögusetur var stofnað og er það vilji Heimis að opna setrið að Laugarvegi föstudaginn 21. febrúar 2020.

Heimir bar fram tillögu: Ég fer framá það að stjórnin feli mér að koma setrinu endanlega í viðunandi ástand þannig að við getum opnað safnið 21. feb. Hann leggur þetta til því hann sér ekki fram á að hægt sé að framkvæma þennan hlut ef margir ráða.

Rætt var um verk- og verkefnaskiptingu sem hafi verið ákveðin, Svanur hafði farið yfir allar fundargerðir og upplýsti okkur um þá stöðu. Tillaga Heimis var rædd og í framhaldi samþykkt.

Rætt var um öryggis- og leyfismál. Heimir sagðist vera með öll leyfi.

2. Umræður og upplýsingar um áframhaldandi samstarf við Skálholt.

Rætt um stöðu mála í hugsanlegu samstarfi Prentsöguseturs og Skálholtsstaðar, ekki síst efni bréfs sem sent hafði verið Kirkjuráði Þjóðkirkjunnar. Miklar umræður urðu um málið og var að endingu svohljóðandi ályktun samþykkt:

Ályktun:

Stjórnar Prentsöguseturs 4. febrúar 2020.

Vegna stöðunnar í samskiptum við Skálholtsstól, og bréfs til Kirkjuráðs í tengslum við hana, ályktar stjórn Prentsöguseturs eftirfarandi:

Bréf til Kirkjuráðs, dags. 29. janúar 2020, skal afturkallað. Stjórn Prentsöguseturs ályktar að í framtíðinni skuli ekkert gert í nafni félagsins nema fyrir liggi samþykki stjórnarinnar á löglegum stjórnarfundi. Einstaklingar innan stjórnarinnar mega ekki taka ákvarðanir um eða vinna að málum sem stjórnin öll hefur ekki vitneskju um og hefur samþykkt.“

3. Önnur mál.

- a) Rætt var um stað og stund fyrir aðalfund. Einnig var ræddur áhugi fyrir uppstillingarnefnd, ekki var tekið ákvörðun um það mál. Stjórnarmenn ætla að líta í kringum sig með áhugasama félagsmenn sem gætu haft áhuga á því að taka þátt í stjórnarstarfinu.
- b) Farið var lauslega yfir fjárhagsstöðu í lokinn, litlar breytingar frá síðasta fundi.

Næsti stjórnarfundur, fimmtudaginn 13. febrúar kl. 16:00.

Fundi slitið.